

Iðnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti
Sent skv. leiðbeiningum gegnum vefsíðu rammaáætlunar

6. september 2011

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Vísað er til erindis ráðuneytisins dags. 19. ágúst sl., þar sem vakin er athygli á opnu umsagnarferli um framangreinda tillögu.

Samorka ítrekar ánægju með að þetta ferli sé að þokast og þannig stýttist í að dregið verði úr mikilli óvissu sem uppi er í rekstrarumhverfi orkufyrirtækja. Samtökin hafa fagnað helstu áföngum í þessu ferli, þótt bent hafi verið á ákveðin atriði sem betur hefðu mátt fara í vinnu verkefnisstjórnar og við tengda lagasetningu, að mati Samorku. Hér er ekki ætlunin að tíunda þau atriði, en vísa má til ábendinga fulltrúa Samorku í skýrslu verkefnisstjórnar frá í júní sl. (kafli 9.3.5). Mikil og um margt góð vinna hefur verið unnin í verkefnisstjórn á undanförunum árum og það er trú Samorku að sú vinna eigi að geta orðið grundvöllur að nokkuð víðtækri sátt um rammaáætlun, sem ber að fagna.

Breytingar frá röðun verkefnisstjórnar koma á óvart

Það kemur samtökunum hins vegar á óvart að í tillögunni sem hér um ræðir er í all nokkrum tilvikum vikið verulega frá röðun verkefnisstjórnar. Nefna má nokkur dæmi um orkukosti sem verkefnisstjórn hafði raðað¹ ofarlega eða um miðja veginni frá sjónarhorni nýtingar, en er í tillögunni raðað í biðflokk, jafnvel í verndarflokk. Þar má nefna dæmi á borð við Bitru, Norðlingaölduveitu, Brennisteinsfjöll, Grændal og Tungnaárlón, sem öllum er raðað í verndarflokk þótt þeir hafi verið um eða ofan við miðju í röðun verkefnisstjórnar. Eins raðast t.d. Austurengjar, Innstidalur og Trölladyngja í biðflokk, þótt þessir kostir hafi raðast framarlega hjá verkefnisstjórn. Samorka átti ekki aðkomu að starfi nefndarinnar sem vann tillöguna í sumar, en átti sinn fulltrúa í verkefnisstjórninni. Samtökin hafa því ekki nákvæmar upplýsingar um forsendur þessara breytinga á röðun verkefnisstjórnar, sem koma sem fyrr segir á óvart.

Skv. tillögunni verður áætluð orkuvinnslugeta sem nemur 11.900 gígavatt stundum (GWh) raðað í nýtingarflokk. Þá eru ekki meðtaldar virkjanir sem nú eru í byggingu, Búðarhálsvirkjun og stækkun Hellisheiðarvirkjunar. Setja má stærð flokkanna upp í eftirfarandi töflu, þar sem sjá má hversu mikil áætluð orkuvinnslugeta raðast í nýtingar-, bið- og verndarflokk, sem og hversu stórir kostir falla innan friðlýstra svæða sem Alþingi ákvað sl. vor að yrðu undanskilin flokkuninni. Ekki er hér notast við beina nálgun á alla virkjunarkosti, heldur er tillit tekið til skörunar tiltekinna kosta í vatnsafli, skv. þeim forsendum sem verkefnisstjórnin gengur út frá.²

¹ Sjá töflu 7.2 í skýrslu verkefnisstjórnar frá í júní 2011.

² Nýtingarflokkurinn er jafn stór m.v. báðar nálganir, en ef ekki er tekið tillit til skörunar verða bið- og verndarflokkar talsvert stærri, 11.000 og 13.900 GWh, og friðlýstu svæðin 15.100 GWh.

Stærð flokkanna skv. tillögunni, m.v. áætlaða orkuvinnslugetu

Nýtingarflokkur	11.900 GWh
Biðflokkur	9.100 GWh
Verndarflokkur	11.300 GWh
Friðlýst svæði	14.100 GWh
Alls	46.400 GWh

Að hámarki um 700 MW sem mögulegt er að ráðstafa á næstu tveimur árum

Skv. tillögunni fara 25,6% áætlaðrar orkuvinnslugetu í nýtingarflokk, eða 11.900 GWh, sem samsvarar tæpum 1.500 MW í áætluðu uppsettu afl (heildar uppsett afl á landinu er í dag um 2.700 MW). Af þessum 1.500 MW eru um 25% í vatnsaflsvirkjunum og um 75% í jarðvarmavirkjunum. Virkjanakostirnir í nýtingarflokki eru mjög mislangt komnir í undirbúningi og mati á umhverfisáhrifum og því breytilegt hvenær þeir geta komið til framkvæmda. Einnig er yfirleitt nauðsynlegt að nýta jarðhitasvæði í áföngum og óvissan um orkugetu þeirra ávallt mikil þar til búið er að rannsaka svæðin með borunum.

Víða í samfélaginu er rætt um mikil áform um uppbyggingu iðnaðaðar í náinni framtíð, verkefni sem samtals gætu þurft á allri þeirri orku að halda sem skv. tillögunum er ætluð í nýtingarflokk (að því gefnu auðvitað að samkomulag náist um orkuverð og fleira). Samorka vekur athygli á því að af þeim orkukostum sem standa að baki þessum tæplega 1.500 MW í nýtingarflokki, skv. tillögunni, eru nú að hámarki um 700 MW á því stigi að hægt væri að gera samninga um sölu á orkunni innan 2 ára (án mjög mikilla fyrirvara um orkugetu jarðhitasvæða), miðað við hugsanlega afhendingu innan 4-6 ára. Er þá horft til virkjana við neðri hluta Þjórsár, í Hverahlíð, til stækkaðrar Reykjanesvirkjunar, Þeistareykja (m.v. 90 MW að sinni a.m.k.) og Bjarnarflags, auk e.t.v. Eldvarpa og Sveifluháls, sem þó eru mun styttra komnar á undirbúningsstigi en hinar framantöldu hér. Nokkrir stórir og hagkvæmir virkjanakostir eru þarna settir í verndarflokk, m.a. kostir sem hafa þegar verið rannsakaðir nokkuð ítarlega, svo sem Bitra og Norðlingaölduveita. Einhverjir slíkir eru jafnframt settir þarna í biðflokk, svo sem Trölladyngja, Hólmsárvirkjun og Búlandsvirkjun.

Sátt um vinnu verkefnisstjórnar

Stærð einstakra flokka og röðun í þá er að sjálfsögðu ákvörðun Alþingis. Að mati Samorku væri vænlegast að styðjast við röðun verkefnisstjórnar, sú leið ætti að mati samtakanna að geta stuðlað að nokkuð víðtækri sátt um rammaáætlun, þótt sú mikla og ágæta vinna sem unnin var af verkefnisstjórn undanfarin ár sé auðvitað ekki hafin yfir gagnrýni fremur en önnur mannanna verk.

Mikið verið verndað hérlendis

Loks má geta þess, í ljósi þeirrar umræðu sem orðið hefur í fjölmiðlum eftir birtingu tillögunnar, að Íslendingar hafa þegar stigið mörg stór skref á sviði verndunar náttúrusvæða. Það hefur einkum verið gert á grundvelli laga um náttúruvernd og ýmsir hugsanlegir orkukostir falla þar undir, sbr. töfluna hér að framan. Nú þegar hafa yfir 15% af flatarmáli Íslands verið friðlýst. Hækka má þessa tölu í tæp 32% ef talin eru með svæði á náttúruminjaskrá og í 40% ef með eru talin áhrif náttúruverndaráætlunar 2009-2013.³ Á sama tíma er þessi tala um 10% í Svíþjóð og

³ Skv. gögnum frá Umhverfisstofnun



Finnlandi, sem gengið hafa hvað lengst í þessum efnunum í Evrópu, en stefnan í báðum löndum hefur verið tekin á 15%.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri